

uð brjefhirðing; aptur á móti fellur burt brjefhirðing að Ási í Fellum (E. nr. 82 24 í nefndri auglýsingu).

Landshöfðinginn yfir Íslandi 14. júní 1892.

Magnús Stephensen.

Hannes Hafstein.

Reglugjörð

83

3. júní

fyrir barnaskólann á Ísafirði.

I.

Um ætlunarverk skólans, inntöku barnanna í hann, kennslu þeirra og yfirheyrslu og um útskrift þeirra úr skólanum.

1. gr.

Það er ætlunarverk skólans, að innræta börnum þeim, er í hann ganga, guðsótta og góða siði og veita þeim þá þekking og kunnáttu, að þau geti orðið nýttir borgarar í þjóðfelaginu.

2. gr.

Í barnaskólann má veita viðtöku sjerhverju barni í Ísafjardarkaupstað, sem er orðið fullra 7 ára að aldri, ef það þekkir stafina og kann nokkurnveginn að kveða að, enda hafi það engan næman veikleika nje sje illa ræmt fyrir óknytti og illa siði. Svo má og taka í skólann börn, sem eiga heima annars staðar en í kaupstaðnum, með þeim skilyrðum, er nú var getið, að svo miklu leyti sem rúm er til þess.

3. gr.

Í byrjun hvers skólaárs ákveður skólanefndin, í hve margar deildir skipt skuli börnunum eftir tölu þeirra, kunnáttu og öðrum atvikum.

4. gr.

Börnin eiga almennt að koma í skólann í byrjun skólaársins, þ. e. 1. dag októbermánaðar; þó mega börn og koma í skólann um miðsvetrarprófið, og má skólanefndin þar að auki leyfa, að tekið sje við þeim á öðrum tímum, þegar einhver sjerstakleg atvik eru fyrir hendi, t. a. m. vegna flutnings eða veikinda.

Þegar einhver óskar, að barn sje tekið í skólann, skal rita um það skólanefndinni, og ákveður hún daginn, þá er prófa skuli barnið ef þess þykir þörf, svo sem þegar foreldrar þess eða vandamenn óska, að það setjist í einhvern af hinum efri bekkjum, og barnið kemur í skólann á öðrum tíma en í byrjun skólamissiris, en inntökupróf skulu almennt fara fram í byrjun skólaársins og um leið og miðsvetrarprófið.

5. gr.

Börnin skulu koma í skólann á ákveðnum tíma, þökkalega og sæmilega búin, og hafa með sjer bækur og annað, sem þau þurfa á að halda í skólanum. Þegar foreldrar eða fjárhaldsmenn hafa ekki efni á að útvega börnunum bæk-

83 ur, spjöld og annað, það er þau þurfa á að halda í skólanum, skal skólanefndin annast um, að þetta sje keypt handa þeim á kostnað bæjarsjóðs.

6. gr.

Börn, er hafa næm útbrot, mega ekki koma í skólann, fyr en þau eru heil orðin, en ef þau koma þangað, þá á yfirkennarinn þegar í stað að láta þau fara heim aptur; hann er og skyldur að gefa skólanefndinni þetta til vitundar, en hún á að annast um, að slík börn verði læknuð.

7. gr.

Börn, er hafa haft einhverja næma sýki, mega ekki koma í skólann fyrr en 3 vikum eptir að þau eru heilbrigð orðin, og sýkin er hætt í húsi því, sem þau búa í.

8. gr.

Verði barni eitthvað á, skulu kennarar skólans leitast við að bæta það með áminningum, en verði slíkar áminningar árangurslausar, skal barninu refsað á þann hátt, sem fyrir er mælt í 21. gr. í erindisbrjefinu fyrir kennara skólans.

Þeim börnum, sem taka öðrum fram að góðri hegðun og iðni, getur bæjarstjórnin eptir tillögum yfirkennarans og skólanefndarinnar veitt hæfileg verðlaun, þeim til uppörfunar. (Framh.)

EMBÆTTASKIPUN O. FL.

13. apríl var *sýslumannsembættið í Eyjafjarðarsýslu* ásamt *bæjarfógetaembættinu á Akureyri* af hans hátign konunginum veitt settum sýslumanni og bæjarfógeta cand. jur. *Klemens Jónssyni*.

20. maí veitti landshöfðingi læknisskólakandidat *Gísla Pjeturssyni* styrk sem *auka-lækni* í Ólafsvík með vesturhluta Snæfellsnessýlu frá 1. maí þ. á. að telja.

23. maí var hjeradslækir í 10. læknishjeraði, *Helgi Guðmundsson*, af landshöfðingja settur til þess fyrst um sinn til loka júnímán. þ. á. að þjóna hjeradslæknisembættinu í 9. læknishjeraði eptir burtför Árna læknis Jónssonar þaðan.

11. þ. m. var *Staðarprestakall* í *Steingrímsfirði* af landshöfðingja veitt prestaskólakadídát *Hans Jónssyni* samkvæmt kosningu hlutadeigandi safnaða.

ÓVEITT EMBÆTTI

er ráðgjafinn fyrir Ísland hlutast til um veitingu á.

Stokkseyrar prestakall í Árnessprófastdæmi (Stokkseyrar og Kaldadarnessóknir). Metið 1815 kr. 85 aura. Prestsekkja er í braudinu, er nýtur af því eptirlauna, $\frac{1}{10}$ af tekjum þess. Umsækjendur verða að setta sig við þá rýrnun í tekjum prestakallsins, sem leiða kann af ákvæðum 16. greinar í lögum 19. febr. 1886.

Bónarbrjef um embætti þetta skulu stíluð til konungs og send til landshöfðingjans yfir Íslandi.

Auglýst 2. júní 1892.

Umsóknarbrjefin eiga að vera komin 23. júlí.

Reglugjörð

83

fyrir barnaskólann á Ísafirði.

(Framh.).

9. gr.

Á hverjum degi skulu vera 5 kennslustundir í hverjum bekk; þó má skólanefndin stytta kennslutímann fyrir yngstu börnin, svo að hann sje 4 stundir á dag. Kennslan skal venjulega byrja á morgnana á dagmálum; þó skal skólanefndinni heimilt, eptir samkomulagi við yfirkennarann, að breyta því; að öðru leyti skal kennstustundunum hagað á þann hátt, sem segir í 23. og 24. gr. hjer á eptir.

10. gr.

Eigi skal kennt í skólanum 4 síðustu daga í vikunni fyrir páska, og eigi frá 23. desember til 2. janúar ár hvert, að báðum þessum dögum meðtöldum. Oddviti skólanefndarinnar má veita leyfi einn dag í senn eður hálfan dag, þegar sjerstakar ástæður eru til þess, en leyfi frá einstökum tímum má hlutaðeigandi kennari veita; þó ber skólanefndinni að gæta þess, að þetta sje ekki vanbrúkað.

11. gr.

Í skólanum skal kennt frá 1. degi októbermánaðar til 14. dags maí-
mánaðar.

12. gr.

Þessar menntir skulu kenndar í skólanum: a, kristindómur, b, bóklestur; c, skript; d, reikningur (bæði á spjaldi og í hugarum); e, rjettritun; f, stutt landafræði; g, ágríp af mannkynssögunni, einkum Norðurlanda; h, leikfimi. Þar að auki má, að því leyti kringumstæðurnar leyfa, veita tilsögn í þessum greinum: í dönsku, ensku, uppdráttarlist, náttúrufræði, söng og uppeldisiðnaði (slöjd). Það skal leyft, að börnum, sem skortir gáfur til að nema, sje ekki kennt annað en kristindómurinn og að lesa og skrifa, eptir nákvæmari ákvörðun skólanefndarinnar.

13. gr.

Í hvert skipti sem eitthvert barn er reynt í einhverri námsgrein eða látið hafa hana um hönd, skal kennarinn gefa því ákveðna einkunn fyrir frammi-
stöðu þess (15. gr. 4.) og rita hana bæði í dagbók þá, sem til þess er ætluð, og síðan í vitnisburðarbók barnsins á hverjum laugardegi eða næsta dag á undan hinum ákveðnu leyfum. Eptir þessum daglegu einkunnum og síðferðis-
einkunn fyrir allan mánuðinn skal taka meðaltalseinkunn fyrir allan mánuðinn, að honum liðnum, og skipa börnunum niður eptir henni í byrjun næsta mánaðar. Foreldri eða forráðamaður hvers barns skal undirskrifa vitnisburð-
arbók þess um hverja helgi.

14. gr.

Á ári hverju skulu haldin 2 opinber próf, annað í lok kennsluársins, en hitt síðustu dagana í janúarmánuði, og skal vera 2 daga leyfi á undan hvoru af prófum þessum. Skal skólanefndin hlutast til um, að próf þessi sjeu haldin,

7. dag júlímán. 1892.

83 og hafa eptirlit með þeim. Eptir því hvernig börnunum gengur í prófum þess um ákveður skólanefndin með ráði kennaranna um flutning þeirra úr einum bekk upp í annan.

15. gr.

Við prófin skal að öðru leyti gæta þess, er hjer segir:

1. Reyna skal hvert barn í öllum þeim námsgreinum, sem því hafa verið kenndar á undanfögnu skólamißsiri, og skal prófið að eins vera munnlegt, nema í þeim námsgreinum, sem eru þess eðlis, að prófið í þeim hlýtur að vera skriflegt, svo sem er um íslenzka rjettritun, skript og reikning á töflu.
2. Við hvert einstakt próf skulu auk kennarans vera viðstaddir 2 prófdómendur, og skal annar þeirra að minnsta kosti vera einn af skólanefndarmönnum. Enginn má taka þátt í prófdóminum í nokkurri kennslugrein, nema hann hafi verið viðstaddur allt prófið í þeirri grein í þeim bekk frá upphafi til enda.
3. Að loknu prófinu í hverri lærdómsgrein kveða heyrari og prófdómendur upp dóm sinn um þekkingu barnanna með einhverri af þeim einkunnum, sem taldar eru í næsta tölulið hjer á eptir, og skal taka meðaltalið af þessum sjerstöku einkunum, sem þá verður einkunn sú, sem hvert barn fær í þeirri lærdómsgrein.
4. Hinar sjerstöku einkunnir eru: ágætlega, dável, vel, laklega, illa og afar illa, og jafngilda 6, 5, 4, 3, 2 og 1, en ákveða má einkunnirnar fyrir neðan 6 nánar með brotunum $\frac{1}{3}$ og $\frac{2}{3}$. Einkunnir þær, sem hvert barn hefur fengið í hinum sjerstöku námsgreinum, skal leggja saman, og deila summunni með einkunafjöldanum; tala sú (reiknuð með 2 tugabrotsstöfum) sem þá kemur út, sýnir aðaleinkunnina, er nefnist með þeirrar einkunnar nafni, sem meðaltal allra einkunnanna er næst; þannig er: 6 til 5, 84 ágætlega; 5.83 til 5.51 ágætlega—dável; 5.50 til 5.17 dável—ágætl.; 5, 16 til 4.84 dável, o. s. frv.

16. gr.

Skólakennslan hættir, þegar börnin eru tekin til ferðingar, eða á annan samsvarandi hátt er bundinn endi á trúarbragðauppfræðingu þeirra, ef þau hafa aðra trúarjátning, svo og þegar þau, að áliti kennara og prófdómenda, sýna það við annaðhvort ársprófið í skólanum, að þau sjeu orðin svo vel að sjer, að þau hafi eigi veruleg not af að njóta lengur tilsagnar í skólanum. Kennarar skólans skulu gefa hverju barni, þá er það fer alfarið úr skólanum, skriflegt skirteini um, hvernig því hafi gengið í hinu síðasta prófi þar, og um iðni og hegðun þess, meðan það var í skólanum.

II.

Um það hvernig kennarar skuli skipaðir, og um skyldur þeirra og rjettindi.

17. gr.

Kennarar við skólann skulu skipaðir af bæjarstjórninni.

18. gr.

83

Laun yfirkennarans og annara kennara við skólann fara eptir samningi við bæjarstjórnina.

19. gr.

Hvort veitt skuli nokkur eptirlaun nýtum kennara, er hann fer frá embætti sökum elli eða lasleika, eða hvort veittur skuli nokkur ársstyrkur ekkju kennara, sem hefur staðið vel í stöðu sinni þangað til hann fór frá, skal komið undir úrskurði bæjarstjórnarinnar, eptir meðmælum skólanefndarinnar í hvert skipti.

III.

Um umsjón og stjórn skólans og fjárhagsmálefni hans.

20. gr.

Til þess að hafa umsjón með skólakennslunni, reglu og aga í skólanum og embættisrekstri kennaranna skal sett skólanefnd, og eru í henni sóknarpresturinn og tveir menn aðrir, sem bæjarstjórnin kýs til þess, og skal að minnsta kosti annar þeirra vera úr flokki bæjarfulltrúa. Kosningin gildir fyrir 3 ár, og eru hlutaðeigendur skyldir að takast starfa þennan á hendur launa-laust. Sóknarpresturinn er oddviti nefndarinnar. Skólakennara kaupstaðarins má ekki kjósa í skólanefndina.

21. gr.

Sóknarpresturinn kveður nefndarmenn til fundar, svo opt sem honum þykir þörf á, eða hinir kosnu nefndarmenn æskja þess. Hann ritar í gjörðabók og brjefabók nefndarinnar og aðrar embættisbækur hennar; svo semur hann og brjef og álitsskjöl fyrir hönd nefndarinnar.

22. gr.

Skólanefndin á að hafa gætur á því, að farið sje eptir öllu því, sem boðið er í reglugjörð þessari, og láta sjer annt um, að útrýmt verði, svo sem framast er auðið, öllu því, sem er velfarnan skólans til tálmunar.

23. gr.

Sóknarpresturinn og yfirkennari skólans skulu fyrir byrjun hvers skólaárs og að afloknu miðsvetrarprófi ráðgast um það, hvernig haga skuli kennslunni og hversu mikið skuli yfirfara hið næsta skólamissiri; skulu uppástungur þeirra lagðar fyrir skólanefndina og þeim fylgt næsta skólamissiri, eins og nefndin hefur samþykkt þær. Svo skal og viðhafa þær kennslubækur, sem sóknarpresturinn og yfirkennarinn stinga uppá og skólanefndin samþykkir.

24. gr.

Sóknarpresturinn og yfirkennari skólans skulu semja lestrartöflu fyrir hvert skólamissiri eptir tilhögun þeirri, sem getur um í 23. gr., og er skólanefndin hefur samþykkt lestrartöfluna, skal kennslunni hagað eptir henni á næsta skólamissiri. Í lestrartöflu þessari skal ákveða, hversu margar stundir skuli ætla hverri kennslugrein, og hvernig þeim skuli ráðað niður á hverjum degi vikunnar.

25. gr.

Stjórn á tekjum og gjöldum skólans skal bæjarstjórnin hafa á hendi og yfir höfuð alla umsjón á sjóðum og reikningum hans. Bæjargjaldkerinn hefur á hendi innheimtu á tekjum skólans og borgar útgjöld hans eptir ávísunum bæjarstjórnarinnar, sbr. lög um bæjarstjórn í Ísafjarðarkaupstað 8. október 1883

26. gr.

26. gr.

Til afnota við samningu hinnar árlegu áætlunar yfir tekjur og gjöld kaupstaðarins skal skólanefndin senda bæjarstjórninni fyrir miðjan septembermánuð ár hvert sundurliðaða skýrslu um þann kostnað, sem skólahaldið að líkindum muni hafa í för með sjer hið komandi ár, og um tekjur þær, sem búast má við að greiðist uppi þennan kostnað. Jafnframt ber skólanefndinni að bera upp tillögur sínar um upphæð aukagjalds þess, sem greiða ber hið komandi ár samkvæmt lögum 11. febrúar 1876 af öllum útmældum lóðum, tilheyrandi Ísafjarðarkaupstað, til þarfa barnaskólans.

Reikningur um tekjur og gjöld skólans á ári hverju skal tekinn inn í bæjarsjóðsreikninginn sem sjerstakur liður í honum tekju- og útgjaldamegin, sbr. áðurnefnd lög 8. október 1883, 30. gr.

27. gr.

Árlega skal skólanefndin senda stiptsyfirvöldunum áleiðis til landshöfðingja skýrslu um ástand og athafnir skólans síðastliðið ár.

28. gr.

Kennslukaup fyrir börn, sem eiga heima á Ísafirði, skal ekki fara fram úr 15 kr. um árið og 3 kr. um einstaka mánuði, og ekki fram úr 25 kr. allt skólaárið og 6 kr. um einstaka mánuði fyrir börn, sem ekki eiga heima þar í bænum. Nú eru í skólanum á sama tíma systkin, sem eiga heima á Ísafirði, og skal árskennslukaupið þá ekki fara fram úr 25 kr. fyrir tvö, 32 kr. fyrir þrjú, 36 kr. fyrir fjögur. Borgunin skal greidd fyrir fram fyrir hvert hálf missiri; þegar búið er að greiða borgunina verður henni aldrei aptur skilað. Þegar meðgjafar barn er tekið inn í skólann eptir byrjun skólaársins, þá skal jafnan reikna meðgjöfina frá byrjun þess mánaðar, er þá stendur yfir, og greiðist hún fyrirfram til enda þess hálfmissiris, sem þá er að líða, er barninu er veitt inntaka í skólann.

Eigi skal greitt kennslukaup fyrir þau börn, sem njóta styrks úr fátækra sjóði, eða þiggi foreldrar þeirra eða þeir, sem eiga fyrir þeim að sjá, slíkan styrk, eða sjeu þeir sökum fátækta undanþegnir bæjargjöldum þeim, sem er jafnað niður eptir efnum og ástæðum. Loks getur bæjarstjórnin eptir tillögum skólanefndarinnar veitt einstökum börnum eptirgjöf á kennslukaupi að öllu eða nokkru leyti.

29. gr.

Í gjörðabók skólanefndarinnar skal í byrjun hvers skólaárs rita, hver börn sje tekin í skólann og með hverjum kjörum, sem og síðar þær breytingar, er á kunna að verða. Skal nefndin gefa bæjargjaldkeranum skýrslu um þetta,

og ritar hann samkvæmt því og gefur út gjaldseðla og heimtir saman kennslukaupið í byrjun hvers hálfmissiris. Skal yfirkennarinn í tíma gefa honum skýrslu um, ef einhver börn ætla við hálfmissiraskiptin að ganga úr skólanum. Viðurkenningu gjaldkera fyrir greiðslu kennslukaupsins skal hvert meðgjafarbarn hafa með sjer í skólann, og sýna yfirkennaranum fyrir lok hinnar fyrstu viku á hálfmissirinu, eður að öðrum kosti skirteini frá bæjarstjórninni um, að hún hafi veitt frest á greiðslu gjaldsins eða gefið það eptir. Verði misbrestur á þessu, ber yfirkennaranum að vísa barninu burt úr skólanum með skriflegu skirteini um, hvað burtvísuninni valdi, ella skal hann ábyrgjast kennslukaupið fyrir sama hálfmissiri. Hinni sömu reglu skal fylgt um hvert það barn, sem tekið er í skólann eptir byrjun skólaársins og milli hinna reglulegu gjalddaga.

30. gr.

Skólanefndin á að hafa gætur á, að í skólabekkjunum sje að minnsta kosti 90 teningsfeta rúm handa hverju af börnum þeim, sem eru í skólanum í einu, að þar sjeu áhöld þau, sem nauðsyn er á, og að þar sjeu lopthreinsunarsmugur (ventilar). Svo á og skólanefndin að öðru leyti að hafa eptirlit með, að húsinu og húsgögnum öllum sje ávallt viðhaldið í tilhlýðilegu standi.

31. gr.

Tekjur skólans eru þær, sem nú skal greina: a, kennslueyrir (28. gr.); b, gjafir; c, fje sem menn ánafna eptir sinn dag; d, gjald af útmældum lóðum á Ísafirði samkvæmt lögum 11. febrúar 1876.

IV.

Um handvinnuskólann.

32. gr.

Skólanefndin á að leitast við að koma því á, að stofnaður verði handvinnuskóli handa stúlkum, einkum þeim, sem eru í efsta bekk barnaskólans, þar sem þeim sje kennt að spinna og undirbúa ullina undir spuna, svo og að þrjóna, sauma og vefa.

33. gr.

Að fengnum uppástungum skólanefndarinnar skal bæjarstjórnin skipa fyrir um fyrirkomulag kennslunnar í skóla þessum, þegar hann kemst á, svo og eptir hverjum reglum börn skuli fara í skólann og fl.

34. gr.

Reglugjörð fyrir barnaskólann á Ísafirði 15. nóvember 1877 er hjer með úr gildi numin.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, 3. júní 1892.

Magnús Stephensen.

Hannes Hafstein.